


lífið

EFTIR VINNU



Jökulbrynjað hjarta – en heitt

Oddur Sigurðsson jarðfræðingur heldur í kvöld fyrsta fyrirlestur sumarsins á jöklasýningunni á Höfn í Hornafirði. Hann nefnist Ísland og Vatnajökull. Jökulbrynjað hjarta en heitt. Þar mun hann einkum benda á sérstöðu landsins og jöklanna sem á sér vart samjöfnuð annars staðar.

Krár

■ ROTTWEILER Á STEFNUMÓTI

Gaukur á Stöng er vettvangur Stefnumóts í kvöld eins og ætíð og eru það X Rottweiler sem skemmta fólkinu í kvöld.

Klassík

■ PÍANÓTÓNLEIKAR Í SALNUM

Unnur Fadila Vilhelmsdóttir píanóleikari heldur tónleika í Salnum klukkan 20 í kvöld. Spiluð verða verk eftir Prokofiev, Chopin og Beethoven. Tónleikarnir eru liður í tónleikaröð Tónlistarskóla Kópavogs. Miðasalan verður opnuð klukkutíma fyrir tónleika en er annars opin alla virka daga frá 13–18.

Sýningar

■ ELVAR GUÐNI Á STOKKSEYRI

Myndlistarmaðurinn Elvar Guðni opnar í dag málverkasýningu í samkomuhúsinu Gimli á Stokkseyri. Þetta er 37. einkasýning Elfars og ein af fjölmörgum sem hann heldur í þessu aldna félagsheimili. Elfar er innfæddur Stokkseyringur og hefur lagt metnað sinn í að skoða og rannsaka fjöruna og svæðin í kringum Stokkseyri. Elvar malar stemninguna sem myndast við hafið og viðáttuna í Flóanum. Sýning Elfars Guðna er opin alla daga frá 14–22 og stendur fram á sjömannadag, 10. júní.

■ ANDSPÆNIS NÁTTÚRUNNI

Sumarsýning Listasafns Íslands er Andspænis náttúrunni. Á henni eru eingöngu verk í eigu safnsins eftir íslenska listamenn á 20. öld og eru verkin eftir marga af helstu listamönnum þjóðarinnar. Sýningin er opin frá 11–17 alla daga nema mánudaga til 2. september. Aðgangur er ókeypis á miðvikudögum.

■ SVIPUR LANDS OG SAGNA Í

Listasafni Reykjavíkur, Ásmundarsafni stendur yfir sýningin Svipur lands og sagna. Verkin á sýningunni eru eftir Ásmund Sveinsson sjálfan og spanna allan feril hans sem listamanns.

■ ROPI Í NÝLÓ

Sýningin Ropi er í Nýlistasafninu. Í SUM-salnum er Anna Línal að velta fyrir sér gjaldföllum gildismati, í Gryfju sýnir Ólaf Nordal skúlptúr og gagnvirk myndverk og í Forsal sýnir Vala leirstyttur og vatnslitamyndir.

■ TJÖLD Í VETRARUMHVERFI

Hrafnkell Sigurðsson sýnir verk sín í Gallerí 18 á Klapparstíg. Þar getur að líta myndir af tjöldum í íslensku vetrarumhverfi.

■ SKÍRSKOTUN TIL

TÍÐARANDANS Í RÁÐHÚSINU Í Ráðhúsi Reykjavíkur er sýning á vinnu nemenda í hönnun við Listaháskóla Íslands. Þar má sjá tilraunir nemenda til að bæta við umhverfi okkar hlutum eða myndum sem skírskota til tíðarandans.

Sjá nánar: Lífið eftir vinnu á Vísí.is

Reykjavík mini festival:

Tónlistarveisla í Laugardalshöll

Unnendur góðrar tónlistar lögðu leið sína í Laugardalshöll um helgina en auk poppfrelsis SÁÁ var þar haldin upprisuhátíð Hljómalindar – Reykjavík mini festival. Boðið var

til sannkallaðrar tónlistarveislu þar sem hljómsveitir á borð við Sigur Rós, Hljóma og Blonde Redhead komu fram, auk ungra og efnilegra íslenskra sveita eins og Úlpu og

Kuai. Veislan stóð tvö kvöld og var stemning góð í bæði skiptin. Ívið fleiri mættu þó seinna kvöldið þegar Sigurrós og Hljómar stigu á svið enda eiga þær breiðan hóp aðdá-

enda og halda þar að auki ekki tónleika á hverjum degi.



Hljómar saman á ný
Það var ekki aðeins Hljómalind sem reis upp frá dauðum um helgina. Það gerðu hinir einu sönnu Hljómar einnig.



Mausverjar spilla og syngja
Maus brást ekki vonum manna frekar en fyrri daginn.



Blágresið blíða

Kristján Kristjánsson, Teena Palmer og Magnús Einarsson á sviðinu en þau skipa ásamt fleirum Bluegrass-sveitina Gras.



Fjölhæfir tónlistarmenn

Hljómsveitin Úlpa kom einnig fram á laugardagskvöldið en hún þýkir með efnilegri hljómsveitum landsins.



Ungir og efnilegir

Egill Antonsson, bassaleikari instrumentallroksveitarinnar Kuai, fer á kostum á sviðinu

Biógagnrýni

Sambíóin – Spot Run: ★★

Allt í hund og kött

Sif Gunnarsdóttir
skrifar gagnrýni um kvikmyndir.



Munið þið eftir Lassí, þeim hugumprúða hundi sem alltaf var að bjarga eigendum sínum og öðrum nærstöddum frá örlögum verri en dauða, ávallt reiðubúin eins og skáti til að förna lífi og limum fyrir tvífætta vini sína. Allt þetta gerði hún Lassí með stakri þrýði, án nokkurra búkhljóða, nema náttúrliga ærlegs gelts, og aldrei sá maður hana, þennan prúða hund, skilja við sig nokkurn úrgang, hvort sem hann var í fljótandi eða föstu formi. Sennilega hefur hún gert þetta allt saman en aldrei í mynd. Hún var betur upp alin en svo og leikstjórinn hennar líka. Nú er öldin önnur, dýramyndir ganga út á allt annað en djörfung og dug – enda eru önnur gildi í þjóðfélaginu öllu en um miðja síðustu öld.

Depill eða Spot er kvikmynd um alríkislögregluþjón nr. 11 sem er hundur. Afskaplega klár hundur, svo klár reyndar að mafiuföringinn Sonny Talia er orðinn hundþreyttur (ha ha) á honum og sendir tvo þumbaralega byssubófa til að koma hundinum fyrir kattarnef (afsakið). Til að bjarga hundinum undan bófunum á að senda hann í afslöppun til Alaska en forlöginn (eða handritshöfundurinn) koma því þannig fyrir að hundspottið lendir hjá bréfberanum Gordon sem – eins og allir góðir bréfberar



– hatar hunda. Gordon situr á sama tíma uppi með son nágrannakonu sinnar, honum finnast reyndar börn hundleiðinleg en er að passa af því hann er skotinn í mömmunni. Sem sagt maður, hundur, barn, löggur og glæponar – bætum við hundaskít, hundapissi, prumpi, bæði frá hundum og mönnum og þá erum

við komin á sporið. Ef við hrærum svo saman við atriðum eins og eyðileggingu á gæludýrabúð, prumpandi sebrahesti, slagsmálum við heyrnarlausar konur og hundaól með straumi í, sem fer í gang þegar skipt er um sjónvarpsstöð – erum við komin niður á hið klassíska neðanbeltishúmersbarnamyndaplan.

David Arquette gerir sitt besta í hlutverki barna- og hundahatarans Gordons og er eins góður og handritið leyfir – ef ekki betri. Angus T. Jones leikur strákinn Charles og er alveg eins kjút og maður býst við af barni í mynd af þessu tagi. Mamman er týpisk Hollywood einstæð móðir, ljóshærð, leggjálöng, í mjög þröngu og stuttu pilsí og fjarverandi mestalla myndina. Ítölsku bófarnir eru þeir sömu og venjulega, Paul Sorvino, Joe Viterelli og Steven R. Shriripa – ætli þeir noti alltaf sömu jakka-fötin? Og hundurinn er klár – eins og hundar eru gjarnan í Hollywood – enda er þjálfarinn hans enginn annar en Michael Clarke Duncan, stóri stóri maðurinn úr The Green Mile og maður bara vonar að hans bíði betri hlutverk.

Það er eins og allir sem koma nálægt Spot haldi að það eina sem krökkum finnst fyndið sé kúkur og piss og vissulega skemmti 7 ára félagi minn sér konunglega – en ég er sko fegin að hún Lassý sá þetta ekki.

Leikstjóri: John Whitesell Handritshöfundar: George Gallo, Dan Baron og Chris Faber Kvikmyndataka: John Bartley. Aðalleikarar: David Arquette, Michael Clarke Duncan, Leslie Bibb, Angus T. Jones, og Paul Sorvino.